

Viðurlög við brotum á skólareglum

Brjótí nemandi skólareglur skal vísa máli hans til umsjónarkennara og fer þá um mál hans samkvæmt ferli um atferlis- og skólasóknarvanda.

Ef nemandi gerist sekur um alvarleg eða endurtekin brot á skólareglum getur skólastjóri vísað honum úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, enda tilkynni hann foreldrum nemanda og skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun, sbr. 14. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla. Um slíka ákvörðun gilda ákvæði stjórnisýslulaga.

Gerist nemandi sekur um alvarlegt brot á skólareglum eða landslögum, hvar sem hann er á vegum skólans, verður hann sendur heim á kostnað foreldris.

Hafi málum nemanda verið vísað til skólastjórnar vegna brota á skólareglum getur það leitt til þess að viðkomandi verði meinuð þátttaka í nemendaferðum og almennu félagsstarfi skólans. Foreldrar nemenda eru ábyrgir fyrir því tjóni sem börnin þeirra kunna að valda á eignum skólans, starfsfólks eða skólafélaga sinna.

Ferill vegna atferlisvanda

1. Umsjónarkennari ræðir við nemanda. Samskiptin eru skráð í dagbók
2. Umsjónarkennari ræðir við forráðamann nemanda. Samskiptin eru skráð í dagbók
3. Umsjónarkennari leitar leiða til lausnar á málum nemanda. Hann kallar til fundar t.d. foreldra, nemandann, fagkennara, námsráðgjafa, fulltrúa frá þjónustumiðstöð eða aðra þá sem hann telur að geti aðstoðað við lausn. Tillaga að lausnarferli og þau úrræði sem ákveðið er að grípa til eru skráð í dagbók. Næstu skref ef lausnarferli virkar ekki útskýrð fyrir hlutaðeigandi aðilum.
4. Umsjónarkennari vísar máli nemanda til aðstoðarskólastjóra. Aðstoðarskólastjóri heldur fund með foreldrum, nemanda og þeim sem hann telur rétt að komi að lausn málsins og leggur það í kjölfarið fyrir Nemendaverndarráð skólans. Mál tilkynnt til Barnaverndar ef þurfa þykir að mati ráðsins. Samskipti og ákvarðanir eru skráð í dagbók. Næstu skref ef lausnarferli virkar ekki útskýrð fyrir hlutaðeigandi aðilum.
5. Aðstoðarskólastjóri vísar máli nemanda til skólastjóra. Skólastjóri heldur fund með foreldrum, nemanda og þeim sem þurfa þykir. Samskipti og ákvarðanir eru skráð í dagbók. Næstu skref ef lausnarferli virkar ekki útskýrð fyrir hlutaðeigandi aðilum enda vísar skólastjóri þá málinu til Barnaverndar Reykjavíkur og/eða Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur.

Verklagsreglur Skóla og frístundasviðs Reykjavíkur gilda um framhald málsins.

Í Skólaáætlun getur falist eftirfarandi:

- aðlöguð stundaskrá
- skertur skóladagur
- viðtöl nemanda við t.d. umsjónakennara, námsráðgjafa, unglingaráðgjafa, sálfræðing eða aðra þá aðila sem stutt geta við viðkomandi nemanda
- regluleg skil á læknisvottorði
- heimakennsla
- tímabundin atferlismótun
- tímabundin sértæk þjónusta
 - þjónusta heilsugæslu
 - sértæk þjónusta þjónustumiðstöðvar
 - aðstoð utanaðkomandi aðila
 - ráðgjöf og handleiðsla
 - samstarf við félagsmiðstöðina
 - samstarf við frístundaheimilið
 - samstarf við íþróttafélag
 - annað

6. Á öllum stigum ferils í atferlis- og skólasóknarvanda getur skólinn, í samvinnu við sérfræðiþjónustu skóla, foreldra og nemendur, sett niður skólaáætlun sem getur gilt í tiltekinn tíma sem allir aðilar eru ásáttir um.

7. Komi upp ágreiningur milli heimilis og skóla skal farið að verklagsreglum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Á öllum stigum ferils í atferlisvanda getur skólinn, í samvinnu við sérfræðiþjónustu skóla, foreldra og nemendur, sett niður áætlun sem getur gilt í tiltekinn tíma sem allir aðilar eru ásáttir um.

Gagnlegar vefslóðir í tengslum við skólareglur, viðurlög o.fl.

Hér fyrir neðan eru tenglar á gagnlegar vefslóðir:

- [Verklagsreglur um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins](#)
- [Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum](#)
- [Leiðbeiningar á grundvelli 13. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum](#)
- [Um úrlausn erfiðra ágreiningsmála sem upp koma í starfi grunnskólans](#)